

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni Víðidal 2. desember 2019 klukkan 17:00

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Hlíf Sturludóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Leifur Arason, Þórunn Eggertsdóttir, Árni Geir og Einar Gíslason.

1. Uppskeruhátíð Fáks

Tillaga er gerð að því að halda uppskeruhátíð Fáks fimmtudaginn 12. desember næstkomandi í félagsheimili Fáks.

Stjórn samþykkir tillöguna.

2. Afsláttur í reiðhöllina fyrir eldri borgara

Stjórn samþykkir að gefa 50% afslátt fyrir 67 ára og eldri.

3. Fjárhagsáætlun 2020

Fjárhagsáætlun 2020 kynnt.

4. Tillaga að breytingu reksturs reiðhallarinnar

Lagt er til að rekstur reiðhallarinnar verði allur á kennitölu Fáks frá og með áramótum. Reglulegir reikningar sem berast á Reiðhöllina Víðidal, kt. 4201972099, eru meðal annars hiti og rafmagn auk línugjalds vegna innbrotakerfis. Þessir reikningar myndu fara beint á Fák frá og með áramótum.

Formanni er falið að skoða hvort þessi útfærsla sé möguleiki gagnvart samningi við ÍTR.

5. Bréf til þeirra sem eiga ógreidd félagsgjöld

Tillaga að bréfi kynnt. Stjórn samþykkir að senda bréfið til þeirra sem eiga eftir að greiða félagsgjöld og birta í blaði Fáks sem verður gefið út eftir áramót.

Fundi slitið 18:15

Fundargerð ritaði Einar Gíslason.